



Djúpavogshreppur
Bakki 1
765 Djúpavogi

Samstarf um greiðslu gistináttgjalds í neyðarathvörfum Reykjavíkurborgar fyrir heimilisláusa

Reykjavíkurborg rekur tvö neyðargistiskýli fyrir húsnæðisláusa einstaklinga. Gistiskýli að Lindargötu er ætlað húsnæðislausum karlmönnum og Konukot, sem rekið er í samstarfi við Rauða krossinn í Reykjavík, er ætlað konum. Í undirbúningi er að setja á laggirnar þriðja neyðarskýlið við Grandagarð í Reykjavík sem ætlað verður ungunum karlmönnum sem eiga í verulegum vímuefnavanda.

Einstaklingar með lögheimili utan Reykjavíkur hafa fengið aðgang að Gistiskýlinu og Konukoti á meðan húsrúm leyfir, þó á þann hátt að gætt sé öryggis gesta og starfsmanna hverju sinni. Öll þjónusta Gistiskýlis og Konukots hefur verið einstaklingnum að kostnaðarlausu. Á fundi velferðarráðs þann 15. nóvember síðastliðinn var samþykkt að heimila sviðsstjóra að setja gjaldskrá, kr. 17.500 á nótt, fyrir gistingu í skýlunum fyrir íbúa annarra sveitarfélaga en Reykjavíkur. Verðið byggir á rekstrarkostnaði neyðarskýlanna auk umsýslukostnaðar velferðarsviðs. Gjaldskráin tók gildi 1. janúar 2019.

Tekinn hefur verið saman heildarfjöldi gistinátta þeirra einstaklinga sem nýtt hafa neyðarskýli Reykjavíkurborgar árið 2018. Alls dvöldu þar 58 einstaklingar með lögheimili utan Reykjavíkur í alls 624 gistinætur. Frá Djúpavogshreppi gisti 1 einstaklingur í Konukoti í 5 nætur. Óskað er eftir samstarfi við Djúpavogshrepp um greiðslur fyrir árið 2019. Meðfylgjandi eru drög að samningi velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um samstarf vegna gistináttgjalds (fylgiskjal 1).

Vinsamlegast hafið samband við Sigprúði Erlu Arnardóttur, framkvæmdastjóra þjónustumiðstöðvar Miðborgar, Vesturbæjar og Hlíða, fyrir 29. janúar næstkomandi, sigthrudur.erla.arnardottir@reykjavik.is, með það í huga að ganga frá samningum fyrir árið 2019.

Virðingarfyllst

Dís Sigurgeirsdóttir
skrifstofustjóri